



Fornleifaskráning

vegna umhverfismats snjóflóðavarna
í Neskaupstað



Mangakofi ofan Neskaupstaðar

Guðný Zoëga
júlí 2003

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA	2
FORNLEIFASKRÁNING OG AÐFERÐIR	3
Aðferð við skráningu	4
Jarðanúmer	4
Tegund, hlutverk og heiti	4
Lega	4
Staðhættir og lýsing	4
Hættumat	5
Heimildir	5
Saga jarðanna og fornleifar	5
FORNLEIFASKRÁ	6
Minjar í kaupstaðarlandinu	6
Minjar á athafnasvæði vegna snjóflóðavarna:	8
NIÐURLAG	13
HEIMILDIR	14
Heimildamenn	14
STAÐSETNING MINJA Á LOFTMYND	14
LISTI YFIR HNIT MINJA	146

Inngangur

Nú er unnið að umhverfismati vegna væntanlegra snjóflóðavarnarmannvirkja undir Tröllagiljum í Neskaupstað. Nauðsynlegt er að fornleifaskráning fari fram í tengslum við umhverfismat og fékk Hönnun hf Byggðasafn Skagfirðinga til að vinna slíka skráningu. Þann 21 og 22 júní 2003 var farin vettvangsferð og svæðið sem raskast vegna framkvæmdanna skráð. Skráðar voru allar manngerðar minjar á framkvæmdasvæðinu. Þakkir eru færðar Ara Benediktssyni hjá Hönnun hf, Jóhanni Zoëga, Axel Óskarssyni og Þóroddi Árnasyni fyrir aðstoð við skráningu og upplýsingaöflun.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;

i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi fornleifaverndar komi til.” Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagr þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara. Getur Fornleifavernd ef svo ber undir krafist þess að framkvæmdum sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. þjml.).

Fornleifaskráning og aðferðir

Fornleifaskráningin á vettvangi var takmörkuð við það svæði sem verið er að leggja mat á vegna snjóflóðamannvirkja.

Áður en vettvangskonun fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Fornleifaskrá Norðfjarðar, unnin af Safnastofnun Austurlands, var höfð til

hliðsjónar. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í gagnagrunninn Sarp, menningar-sögulegan gagnagrunn á landsvísu.

Við mat af þessu tagi eru aðeins skráðar þær fornleifar sem geta orðið fyrir raski eða eru í námunda við framkvæmdirnar. Ekki má líta svo á að um tæmandi fornleifaskráningu á vettvangi sé að ræða, einkum þar sem framkvæmdir eru minniháttar og aðeins um litla tilfærslu að ræða.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.¹

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndum eða teikningum eftir því sem við á. Minjar eru færðar inn á loftmynd frá Hönnun hf.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með upphafsstaf eða -stöfum heitis jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Neskaupstaður: 7100, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens, 85 í nefndu tilviki. Þar að auki eru fornleifunum gefin raðnúmer innan hverrar jarðar með eftirfarandi hætti: N-7100-85-1.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild” sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Mangakofi, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra er lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Lega

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi loftmynd

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim

¹ J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta sem fyrr segir leynst undir sverðinum. Þar sem allar þær minjar sem skráðar voru á vettvangi koma til með að hverfa við framkvæmdirnar er ekki gert sérstakt hættumat.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um hverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Saga jarðanna og fornleifar

Eftirfarandi er hin eiginlega fornleifaskráning með aðfaraorðum um sögu Nesbæjar.



Fjárhús og matjurtagarðar ofan Vinaminnis, Hlíðargötu.

Fornleifaskrá

Svæðið sem skráð var er í landi jarðarinnar Ness. Mörk jarðarinnar Ness við Naustahvamm munu hafa verið við grasbýlið Hruna, Strandgötu 96, innan gamla frystihússins.

Nes 7100-85

Landnáma nefnir tvo landnámsmenn í Norðfirði, annar var Egill rauði sem bjó á Nesi. Í Droplaugarsonasögu er einnig minnst á bæinn Nes. Nú er ekki vitað nákvæmlega hvar landnámsbærinn stóð, en líklegt er að það hafi verið ofan við eyrina þar sem dráttarbraut er nú.

Nes var að fornu mati 30 hdr., en það var metið 29.5 hdr árið 1861 og er aðal býlið sem kaupstaðarlandið byggðist úr. Þar á fyrrum að hafa staðið bænhús. Á síðari tímum var Nes tvíbýlisjörð og stóðu þar tveir bæir svonefndir Útbær og Frambær.

Afbýli voru nokkur frá Nesjörðinni.

Eldri afbýli: Neshjáleigu er fyrst getið 1681 og þá sögð 5 hdr úr heimajörðinni en 1710-11 var hún komin í eyði. Eyðibýlið Gjögur er nefnt í Ferðabók Olavíusar frá 1776 og sagt fara í eyði 1716. Ekki er vitað hvar þessi tvö býli stóðu. Önnur afbýli voru: Bakki, 4 hdr að fornu mati og Naustahvammur eða Naustahvammur, 6 hdr að fornu mati. Hvorug þessara jarða var metin sérstaklega 1861. Í Stríðshjálparreikningi Danakonungs frá 1681 eru nefnd býlin Hvammur, Gvendarnes eða Vík og þar sögð ystu býlin í Norðfirði. Ekkert er frekar vitað um þessi býli.

Yngri afbýli: Þiljuvellir, byggðust 1851 og Ekra, byggðist 1854. Árið 1878 byggðist svo Nesstekkur, fyrsta þurrabúð í Neslandi. Þá má telja að saga Nesþorps hafi hafist.

Nákvæm staðsetning býlisins er ekki kunn en Nes stóð á eyrinni þar sem slippurinn/dráttarbrautin er nú.

Minjar í kaupstaðarlandinu

„Jörðinni Nesi í Norðfirði ásamt hjáleigunum Bakka og Naustahvammi og Nesþorpi, sem var þáverandi nafn þéttbýlisins við ströndina, var skipt úr Norðfjarðarhreppi árið 1913. Hreppamörk við Naustalæk. Árið 1929 fékk hreppurinn kaupstaðarréttindi og heitir Neskaupstaður síðan” segir í Sveitum og jörðum. Neskaupstaður sameinaðist Eskifjarðakaupstað og Reyðarfjarðarhreppi þann 7. júní 1998 og er nú hluti af sveitarfélaginu Fjarðabyggð. Minjarnar sem eru skráðar hér á eftir eru allar í landi Neskaupstaðar og hafa því talist til hinnar fornu Nesjarðar.

Byggð í Norðfirði skiptist í nokkur svæði vegna landfræðilegra aðstæðna, það er kaupstaðarlandið, Norðfjarðarsveit, Hellisfjörð, Viðfjörð, Suðurbæi og Sandvík. Öll svæðin hafa líklega byggst mjög snemma, eða þegar á landnámsöld.

Ekki er vitað hvar bæjarstæði Hvamms, Gvendarness, Víkur, Neshjáleigu og Gjögurs stóðu. Á hinn bóginn er vitað hvar bæirnir Bakki, Naustahvammur, Þiljuvellir og Ekra



Matjurtagarðar ofan Urðarteigs

stóðu. Það er ljóst að einhverjir minjastaðir hafa farið forgörðum, eins og við er að búast. Af öðrum minjum í kaupstaðarlandinu má nefna sérstaklega beinafund á Kvíabóli, en ókunnugt er á hvaða tíma þar hefur verið greftrað. Minjar sem varðveist hafa í kaupstaðnum eru annars flestar frá því um og eftir síðustu aldamót. Það eru einkum matjurtagarðar og kofatóttir á dálitlu beltum ofan við bæinn.

Við upphaf 20. aldarinnar eru engin stórbú en þegar byggð tók að þéttast um og upp úr aldamótunum var upprunalegu jörðunum í bæjarlandinu skipt upp í lóðir og grasbýli þar sem, auk útvegs, einhver búskapur var stundaður. Árið 1917 eru, auk heimajarðanna, um 15 slík býli í bæjarlandinu. Á kreppuárunum var algengt að menn hefðu einhvern búsmala sér til lífsviðurværis auk þess að ræktun matjurta varð almenn. Fyrst munu útihús og matjurtagarðar hafa staðið við bæina sjálfa en eftir því sem byggðin óx, varð algengara að slíkt væri að finna í fjallinu fyrir ofan bæinn.

Heimildir: Harpa Grímsdóttir, 1998, bls. 8, Íslensk fornrit I, bls.16, Ögmundur Helgason 1983, bls 12, Sveitir og jarðir III, bls 7-12 örnefni í Neskaupstað, bls 8, Manntöl 1703-1890, Hálfðan Haraldsson: Bæir í Norðfirði, handrit. Fornleifaskrá Norðfjarðar, bls 130.

Minjar á athafnasvæði vegna snjóflóðavarna:

N-7100-85-1

65°08'58'' N

13°41'59'' V

Tegund

Tóft

Hlutverk

Fjárhús

Ástand

Sæmilegt

Staðhættir og lýsing

Í brekkunni um 30m ofan við Hlíðargötu 16a og um 20m neðan stiku 33.

Ógreinileg tóft, einhver veggjalög og grjót úr hleðslum. Líklega hluti af útihúsum Eiríks Vigfússonar.

N-7100-85-2

65°08'58'' N

13°42'00'' V

Tegund

Tóft

Hlutverk

Fjárhús

Staðhættir og lýsing

Um 40m ofan Hlíðargötu 16a og um 10m neðan stiku 33.

Ógreinilegar leifar kindakofa.

N-7100-85-3

65°08'59'' N

13°42'00'' V

Tegund

Tóft

Hlutverk

Fjárhús

Ástand

Slæmt

Staðhættir og lýsing

Um 80m ofan Hlíðargötu 16a.

Liggur í brekku á eystri bakka lækjar, lögun mjög ógreinileg vegna gróðurs. Tóftin liggur samsíða hlíðinni, austur-vestur, um 7x10m að ummáli. Leifar af timburverki og bárujárnshlaðinn veggur til vesturs.

N-7100-85-4

65°09'01'' N

13°42'00'' V

Tegund

Tóft

Hlutverk

Fjárhús og hlaða

Ástand

Gott

Staðhættir og lýsing

Um 70m vestur af stiku númer 20, um 50m austan lækjar.

Stendur ofarlega í túnbrekku.

Fjárhúsið snýr norður-suður og hefur verið úr timbri og bárujárn á hlöðnum grunni. Hlaðan er þvert á aftan við. Hefur verið með grjót- og torfhlöðnum veggjum. Fjárhúsið er um 3x7m að ummáli en hlaðan um 3.2.5m.

N-7100-85-5

65°09'02'' N

13°41'59'' V

Tegund

Tóft

Ástand

Gott

Staðhættir og lýsing

Um 60m norðvestur af stiku 20 og um 100m ofan við Vinaminni, Hlíðargötu 12.

Efst í túnbrekku við grafinn skurð eða ræsi. Einföld ferhyrnd grjótlögn, gæti verið veggur í gerði eða kofa. Um 8m þar sem lengst og um 3m á breidd.

N-7100-85-6

65°09'02'' N

13°41'59'' V

Tegund

Tóft

Hlutverk

Kartöflugeymsla

Ástand

Gott

Staðhættir og lýsing

Í brekku efst í Akurstúni um 20m norðaustur af stiku 20 og um 10m neðan við skógrækt. Fast neðan við eru matjurtagarðar.

Þykkveggja tóft úr torfi og grjóti. Reft yfir með timbri og járn. Dyr að sunnan. Þak fallið en vegghleðslur standa og dyr enn uppistandandi. Tóftin er um 3.5x3.5 og veggjaþykkt er mest um 2m.

N-7100-85-7

65°09'01'' N

13°41'56'' V

Tegund

Bátapollur

Hlutverk

Leikvöllur

Staðhættir og lýsing

Pollur stíflaður í læk sem rennur innst í Akurstúni, um 3x4m að ummáli.

N-7100-85-8

65°09'02'' N

13°41'59'' V

65°09'01'' N

13°41'58'' V

Hlutverk

Skurður

Ástand

Gott

Staðhættir og lýsing

Grafinn skurður um 30m langur liggur beint niður brekkuna ofan Vinaminnis, Hlíðargötu 12 og um 40m vestur af stiku 20.

Hnit eru tekin við efri og neðri enda

skurðarins.

N-7100-85-9

65°09'00'' N

13°41'59'' V

Tegund

Tóft

Hlutverk

Kartöflugeymsla

Ástand

Gott

Staðhættir og lýsing

Við matjurtagarð austast á bakka í túni, um 40m vestan stiku 20 númer 70m ofan Vinaminnis, Hlíðargötu 12.

Niðurgráfin tóft, um 5x3m að utanmáli, dyr til austurs. Veggjaþykkt mest um 1.5m. Þak fallið og ekki sést lengur í grjóthleðslu.

N-7100-85-10

65°09'08'' N

13°41'58'' V

Hlutverk

Kartöflugeymsla

Staðhættir og lýsing

Uppistandandi kofi um 15m norðvestan stiku 35. Kofinn er hlaðinn utan um þríhyrningslaga sperrur með timburklæðningu. Kofinn er um 10x10m að utanmáli.

N-7100-85-11

11°08'59'' N

13°41'58'' V

Tegund

Tóft

Hlutverk

Fjárhús

Staðhættir og lýsing

Um 10m vestur af stiku 35 um 10m vestan Franskamelslækjar.

Stærð um 6x4.5m. Engar hleðslur. Húsið hefur verið á trégrind með

járnhliðar, leifar af timburgarða eftir húsinu miðju.

Aðrar upplýsingar

Ármann Árnason átti húsið.

N-7100-85-12

65°08'59'' N

13°41'58'' V

Tegund

Húsgrunnur

Hlutverk

Fjárhús

Staðhættir og lýsing

Fast sunnan undir fjárhústóft númer 11.

Ferrhyrndur húsgrunnur með steinsteyptum veggjum. Um 8x4m að utanmáli.

N-7100-85-13

65°08'59'' N

13°41'58'' V

Hlutverk

Brunnur

Ástand

Gott

Staðhættir og lýsing

Ferhyrndur, grjóthlaðinn brunnur 2.2x2.5m að innanmáli. Dýpt niður að vatni um 1m. Hleðsla stendur vel og hefur brunnurinn verið hulin með trégrind.

N-7100-85-14

65°09'08'' N

13°42'10'' V

Hlutverk

Reykkofi

Staðhættir og lýsing

Um 60m ofan Steinsnesbæjar, á vesturbakka Steinsnesbæjar.

Bárujárnsklæddur kofi með reykofni. Kofinn er um 2x3m að utanmáli. Nokkuð farinn að láta á sjá.

N-7100-85-15

65°08'59'' N

13°42'11'' V

Tegund

Grjóthleðsla

Hlutverk

Útihús

Ástand

Sæmilegt

Staðhættir og lýsing

Tveir grjótveggir mynda í 90° horn ofan við nýlega hlöðu ofan Steinsnesbæjar. Langhliðin er 10m löng og skammhliðin 5m.

N-7100-85-16

65°09'00'' N

13°42'13'' V

Tegund

Tóft

Ástand

Sæmilegt

Staðhættir og lýsing

Um 70m ofan við Steinsnes.

Grjóthlaðin tóft á þrjá vegu, suðurhlið vantar. Hleðslur standa vel og er að hluta til grafin inn í hliðina. Tóftin er 6x5m að ummáli.

N-7100-85-17

65°08'56'' N

13°42'41'' V

Tegund

Kofi

Staðhættir og lýsing

Um 60m ofan við húsið á Urðarteigi 20.

Uppistandandi kofi 5x3m að utanmáli úr torfi og grjóti, þiljaður.

N-7100-85-18

65°08'59'' N
13°42'19'' V

Tegund

Tóft

Hlutverk

Kartöflugeymsla

Ástand

Gott

Staðhættir og lýsing

Um 60m ofan við húsið Urðarteig 2. Rúst af smá kofa, líklega kartöflugeymslu. Kofinn hefur verið 3x3m að innamáli. Veggir um 1m að þykkt, grjót sést ekki í hleðslu, dýpt um 1m.

N-7100-85-19

65°08'53'' N
13°42'19'' V

Tegund

Tóft

Hlutverk

Kartöflugeymsla

Ástand

Gott

Staðhættir og lýsing

Um 40m ofan við húsið á Urðarteigi 6. Grjót- og torfhlaðin tóft um 2x3m að innamáli, trúlega kartöflugeymsla. Rústin en mjög fallin saman. Dyr hafa verið til suðvesturs.

N-7100-85-20

65°08'56'' N
13°42'19'' V

Hlutverk

Hundahreinsunarkofi

Ástand

Horfið

Staðhættir og lýsing

Kofinn stóð um 15m neðan, suðaustan stiku 15.

Kofinn var notaður til hundahreinsana, steinsteyptur en var rifinn 1984.

N-7100-85-21

65°08'53'' N
13°42'56'' V

Hlutverk

Fjárhús

Staðhættir og lýsing

Stendur fast við stiku 2 um 20m ofan, norðvestan beygjunnar á Urðarteigi. Húsið hefur verið trégrind með bárujárni og einu merkin um það er sléttur flötur í brekkunni. Samkvæmt skýrslu Veðurstofunnar um byggingaár húsa í Neskaupstað munu hafa staðið þarna fjárhús frá Grænuhlíð, byggð um 1950.

N-7100-85-22

65°09'04'' N
13°42'18'' V

Tegund

Tóft

Hlutverk

Fjárhús

Heiti

Mangakofi

Staðhættir og lýsing

Stendur við hlið stórs jarðfasts bjargs frammi á brekkubrún við vestari bakka Ytri-Tröllagilslækjar rétt ofan þar sem hann mætir öðrum læk.

Grjóthlaðið fjárhús sem grafið hefur verið inn í brekkuna, snýr n-s. Um 7x6 að utanmáli, garði eftir húsinu endilöngu austantil. Hleðslur standa enn mjög vel og er mesta veggjahæð um 1.7m. Dyr hafa verið við suðaustur horn. Framan við húsið er smá slétta um 7x4m. Fjárhús Magnúsar Haraldssonar frá Tandrastöðum, byggt um 1950.

Heimildir: Fornleifaskrá Norðfjarðar, Byggingaár húsa í Neskaupstað.

Athugasemdir: í Fornleifaskrá Norðfjarðar hefur Mangakofi númerið SM-85c:011

N-7100-85-23

65°08'58'' N

13°41'56'' V

Tegund

Tóft

Staðhættir og lýsing

Á austurbakka Franskamelslækjar um 40m ofan við Akur.

Steinsteypt gólf, járn og timbur úr húsi sem hefur verið um 4x6m.

N-7100-85-24**Tegund**

Álfasteinn

Heiti

Úlfheiðarsteinn

Staðhættir og lýsing

„Í lyngmótunum fyrir ofan Ljósaenni

framan í lynghrygg, er stór steinn líkur húsi í laginu, heitir Úlfheiðarsteinn” segir í örnefnalýsingu. Steinninn stendur vestan við svokallaðan Hlaupalæk, milli hans og Skuldarlækjar sem rann niður rétt utan hússins Skuldar. Smalastúlka, Úlfheiður að nafni, frá Naustahvammi varð úti undir steininum en einhverjar huldukonusagnir munu einnig tengdar honum. Steinninn er utan við jarðrask sem verður vegna garðanna.

Aðrar upplýsingar: Í Fornleifaskrá Norðfjarðar fær steinninn númerið SM-85c:018.

Heimildir: Örnefni í Neskaupstað, bls 15

Heimildamaður: Axel S. Óskarsson

N-7100-85-25**Matjurtagarðar**

Fyrir ofan efstu göturnar í Neskaupstað, Blómsturvell, Hlíðargötu og Urðarteig. Fjöldi matjurtagarða á um 50-100 m. breiðu belti ofan við bæinn.

Matjurtagarðar ofarlega í Akurtúninu, fast við stiku 20.

65°09'01	N	13°41'54"	V
----------	---	-----------	---

Matjurtagarðar ofan við Vinaminni og Hlíðargötu.

65°08'58"	N	13°41'58"	V
65°09'00"	N	13°42'00"	V
65°09'00"	N	13°42'00"	V
65°09'00"	N	13°41'59"	V
65°09'00"	N	13°42'01"	V
65°09'02"	N	13°41'59"	V
65°09'02"	N	13°42'00"	V
65°09'02"	N	13°41'58"	V

Matjurtagarðar vestan lækjar sem rennur vestan Hlíðargötu 18.

65°09'02"	13°42'02"	V
65°08'59"	13°42'01"	V

Matjurtagarðar austan Steinsneslækjar.

65°08'59"	N	13°42'06''	V
65°08'59"	N	13°42'09"	V
65°09'00"	N	13°42'09"	V

Matjurtagarðar ofan við Steinsnes vestan Steinsneslækjar, nokkrir samliggjandi garðar.

65°09'00"	N	13°42'10"	V
65°08'59"	N	13°42'12"	V
65°09'00"	N	13°42'13"	V

Matjurtagarðar ofan við Tröllanes á Tungunni milli Tröllagilslækja.

65°09'00"	N	13°42'21"	V
65°08'58"	N	13°42'20"	V
65°08'57"	N	13°42'20"	V
65°08'57"	N	13°42'21"	V
65°08'57"	N	13°42'24"	V

Matjurtagarðar ofan Urðateigs.

65°08'57"	N	13°42'25"	V
65°08'58"	N	13°42'31"	V
65°08'58"	N	13°42'32"	V
65°08'56"	N	13°42'48"	V
65°08'56"	N	13°42'50"	V

Niðurlag

Í júní 2003 var gerð fornleifaskráning á fjallinu neðan við Ytra- og Innra Tröllagil þar sem ætlunin er að reisa snjóflóðavarnamannvirki. Alls voru skráðar 51 minjar eða 25 númer. Flestar ef ekki allar þessara minja eru frá því snemma á eða um miðja 20. öldina fjárhúskofar, matjurtagarðar og geymslur þeim tengdar. Þær segja merkilega sögu um búskaparhætti og lífsviðurværi bæjarbúa á fyrri öld en engar minjar fundust sem að teljast fornleifar samkvæmt lögum. Allar minjarnar munu hverfa við jarðrask tengt framkvæmdunum aðrar en nokkrir matjurgagarðar sem eru rétt neðan áhrifasvæðisins, steypdur húsgrunnur við Akur og svokallaður Hundakofi sem nú er horfinn.

Hinsvegar ber að minnast á að fornleifar kunna að leynast neðanjarðar þótt þeirra sjái ekki stað á yfirborði. Ekki er kunnugt um fornleifar á svæðinu en komi slíkar minjar óvænt upp við framkvæmdirnar ber þegar að stöðva þær og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins.

Heimildir

- Eyþór Þórðarson: *Örnefni í Norðfjarðarhreppi*, skráð 1931
- Fornleifaskrá Norðfjarðar*, Safnastofnun Austurlands, 1996
- Guðmundur Magnússon: *Örnefnalýsing Samdvíkur, Barðsnesslands, Gerðis- og Gerðisstekkslands, Stuðlalands, Viðfjarðar sunnan að Viðfjarðará, Norðfjarðarnípu að Auralæk og Neskaupstaðar* (Örnefnastofnun).
- Hálfðan Haraldsson: *Bæir í Norðfirði* (handrit)
- Sami: *Norðfjarðarbók* (handrit)
- Sami: Grein í Sjómannadagsblaði Neskaupstaðar 1992
- Halldór Stefánsson: Eyðibýlaskrá, Múlaþing V
- Harpa Grímsdóttir, *Byggingarár húsa í Neskaupstað*, Veðurstofa Íslands, 1998
- Íslensk fornrit I. Íslendingabók og Landnáma*, Reykjavík 1986.
- Johnsen, J: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.
- Ólafur Olavius: Eyðibýlaskrá fyrir Skorrastaðarsókn frá árinu 1776
- Manntöl 1703-1890 (ljósrit frá Hálfðani Haraldssyni)
- Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, ritstjóri Ármann Halldórsson, Búnaðarsamband Austurlands 1976
- Ögmundur Helgason: *Ágrip af sögu Norðfjarðarhrepps til 1895*, 1983 (handrit)
- Sami: *Upphaf Nesþorps í Norðfirði 1878-1895* (handrit)

Heimildamenn

Axel Óskarsson
Jóhann Zoëga
Þorsteinn Guðjónsson

Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga:

- 1 **Villinganesvirkjun** – Mat á umhverfisáhrifum. Fornleifaskráning í hluta lands Tyrfingsstaða, Keldulands, Stekkjarflata og Villinganess. Katrín Gunnarsdóttir september 1999.
- 2 **Hof í Hjaltadal** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
- 3 **Hólar í Hjaltadal** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
- 4 **Steinsstaðir Skagafirði** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2000.
- 5 **Grafarós og Hofsó** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir febrúar 2001.
- 6 **Viðimelur í Skagafirði** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2001.
- 7 **Reykjarhóll í Skagafirði**. Fornleifaskráning vegna frístundabyggðar. Katrín Gunnarsdóttir mars 2002.
- 8 **Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hnausa, Bjarnastaða, Másstaða og Hjallalands í Vatnsdal**. Ragnheiður Traustadóttir, Rúna Knútsdóttir Tetzschner, Sigríður Sigurðardóttir maí 2002.
- 9 **Fornleifaskráning á Hveravöllum** vegna deiliskipulags. Guðný Zoëga ágúst 2002.
- 10 **Fyrri hluti fornleifaskráningar fyrir Vestmanneyjar** - heimildir. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir desember 2002.
- 11 **Glaumbær**. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir umhverfi prestsbústaðar, kirkju og safns auk aðalskipulagsskyldra minja utan þess svæðis í Glaumbæ I og II. Sigríður Sigurðardóttir febrúar 2003.
- 12 **Rannsókn á torf- og grjóthleðsluleifum í Skagafirði**. Arna Björg Bjarnadóttir og Sigríður Sigurðardóttir, 2002.
- 13 **Höfði á Höfðaströnd**. Fornleifaskráning fyrir skipulagsvinnu vegna sumarhúsa í Höfðagerðislandi og fyrir aðalskipulag. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 14 **Hátún og Mikligarður**. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 15 **Syðra-Skörðugil**. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 16 **Neskaupstaður**. Fornleifaskráning vegna snjóflóðavarna. Guðný Zoëga júlí 2003.

Fræðsluefni:

- Glaumbær. Bær og safn**, 1994. Sigríður Sigurðardóttir (þýtt á ensku, þýsku, frönsku, ítölsku, spænsku, hollensku, dönsku og sænsku).
- Mark Watson og Glaumbær** (þýtt á ensku) Anna S. Snorradóttir, 1991.
- Geislar yfir kynkvíslum. Saga Guðríðar Þorbjarnardóttur**. Hallgrímur Jónasson, 1994 (þýtt á ensku).
- Um Áshús og Gilsstofu**, 1997. Sigríður Sigurðardóttir (þýtt á ensku og þýsku)
- „Súrt og sætt. Íslenskur matur og norrænar matarhefðir.“** Sigríður Sigurðardóttir, 1998.
- Þróun torfbæja** I. Sigríður Sigurðardóttir, 1998-2000.
- Kvenfélög við aldhvörf** II. Könnun á högum kvenfélaganna í tilefni 130 ára starfsemi kvennasamtaka á Íslandi, 1869-1999. Sigríður Sigurðardóttir, 1999.
- Skrá yfir núverandi og fyrrverandi kirkjur og bænhús í Skagafjarðarprófastsdæmi** III. Sigríður Sigurðardóttir, 1999.
- Eldamennska í íslensku torfbæjunum** V. Hallgerður Gísladóttir, 1998-2000.
- Kirkjan í Glaumbæ** VI. Sigríður Sigurðardóttir, 2000.
- Friðuð hús í Skagafirði**. Skrá yfir friðuð hús í Skagafirði og þróun torfbæja. Sigríður Sigurðardóttir 2002.